

Tillaga um stuðning við þróunarstarf

Fjórða þing Kennarasambands Íslands haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 samþykkir að fela stjórn KÍ að velja stuðningsverkefni erlendis í samráði við aðalskrifstofu EI og/eða hjálparstofnanir hérlendis, til að styðja þróunarstarf í landi þar sem kennarar og/eða skólastarf á erfitt uppdráttar vegna stríðsátaka eða annarra hörmunga. Til þessa verkefnis skal verja árlega upphæð sem þing ákveður í fjárhagsáætlun hverju sinni.